

Samkomulag

um breytingar á sérkjarasamningum Eimskips og Eflingar stéttarfélags

Hafnarvinnusamningur:

1. Meðfylgjandi minnisblað um framkvæmd hvíldartíma verði fylgiskjal með kjarasamningi um "leiðbeiningar um vinnutíma, yfirvinnu og lágmarkshvöld".

2. Í grein 9.1. verði Hafnarvinna III 12 – 14

Tækjastjóri með fyllstu réttindi skal fara í launaflokk 14.

Bílstjórasamningur:

Ný gr. 10.5. um gámalyftuálag verði svohljóðandi:

10% gámalyftuálag er greitt ofan á laun fyrir alla starfsmenn sem starfa á gámalyftu.

Reykjavík 28.5. 2015.

fh. SA

Jón R. Pálsson

fh. Eimskips

Öflugálmústólur

Guðmundur - Pálsson

Fyrir hönd Eflingar

Wald-R. Jónsson
Jóhann Á. Skarvarek

Tryggur Matsson

Leiðbeiningar um vinnutíma, yfirvinnu og lágmarkshvöld.

1. Skipuleggja skal vinnu þannig að starfsmenn fái a.m.k. 12 klst hvíld á sólarhring.
2. Ef nauðsyn krefur s.s. vegna veikinda, röskunar á siglingaáætlun, veðurs, bilana eða annarra ófyrirsjáanlegra tafa, er heimilt að fresta töku hvíldartíma að hluta niður í 8 klst, einu sinni í viku.
3. Skipulagður vinnutími á sólarhring verði því að jafnaði ekki lengri en 13 klst. Í undantekningartilfellum getur samfelld vinna farið í 16 klst.
4. Undir engum kringumstæðum er heimilt að stytta samfellda hvíld eftir 16 klst vinnulotu niður fyrir 8 klst.
5. Starfsmenn á einskiptum vöktum eða á aukavöktum að kvöldi vinni því að jafnaði ekki lengur en til kl 21:00. Reynist nauðsynlegt að vinna lengur en til kl 21:00 þá skal starfsmönnum tryggður réttur hvíldartími í framhaldi af þeirri vinnu, sé þess kostur.

Starfsmenn á kvöldvakt sem tekið hafa aukavakt að degi skulu að jafnaði ekki vinna lengur en 13 klst. Reynist nauðsynlegt að vinna lengur en 13 klst, í allt að 16 klst skal starfsmönnum tryggður réttur hvíldartími í framhaldi af þeirri vinnu, sé þess kostur.

Sé starfsmaður sérstaklega beðinn um að mæta til vinnu áður en 11 klst hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur 1,5 klst (sbr. 8.gr), safnist upp fyrir hverja klst.,sem hvíldin skerðist.

6. Uppsafnaður frítökuréttur skal tekinn út reglulega innan ársins þó síst yfir aðal sumarleyfistímann. Þar sem svo háttar, að starfsemi er í lágmarki ákveðna daga hvers mánaðar, eða tímabil innan ársins, er eðlilegt að þeir dagar séu nýttir fyrir þessi frí. Styttri frí, þ.e. 1-3 dagar geta komið upp með skömmum fyrirvara og hefur vinnuveitandi rétt til að bregðast við því, henti það starfseminni, með eigi skemmri fyrirvara en 12 klst. Sé um að ræða lengra frí, s.s. hálfur til einn mánuður þá er gagnkvæmur frestur tilkynningar ein vinnuvika hið minnsta. Yfir hásumarleyfistímann eiga þessi viðmið ekki við, enda samræmist það ekki skipulagi sumarleyfa á viðkomandi starfsstöð.
7. Þeir sem óska eftir að fá 1/3 af frítökurétti greiddan komi þeim óskum til fulltrúa starfsþróunardeildar í Sundakletti.
8. Í öllum tilfellum fá starfsmenn greidda fulla dagvinnu, starfsstöðvarálag, jafnarvaktálag og vaktaskiptagjald, þegar verið er taka út hvíldartíann á dagvinnutíma.

Leiðbeiningar um töku uppsafnaðs frítökuréttar

1. Uppsafnaður frítökuréttur skal nýttur innan orlofsársins, þ.e. á tímabilinu frá maí til apríl.
 2. Uppsafnaður, ónýttur frítökuréttur skal aldrei verða meiri en sem nemur tveimur vinnuvikum.
- Við ákvörðun um fyrirkomulag frítöku og útfærslu verði miðað við að:
- a) Frítökuréttur starfsmanna sé nýttur þannig að tekið sé frí dag og dag með reglubundnum hætti eins og tilfefni gefst til og eða
 - b) Með því að safna frítökuréttinum upp og nýta hann til töku vetrarorlofs.

Framkvæmdin og útfærsla á frítökunni sbr. Leiðbeininguna hér að framan skal miðað við skilyrði 6. greinar hér að ofan.

JIA

TM

JEP

JA
CAB

ARB